



FRÉTTABRÉF

hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga

Útkomuspá fyrir árið 2012

Inngangur

Þegar gengið er frá fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár setja mörg sveitarfélög upp útkomuspá fyrir yfirstandandi rekstrarár. Útkomuspá er yfirleitt gerð síðla hausts eða snemma vetrar. Hún byggir yfirleitt á upplýsingum um rekstur sveitarfélagsins á fyrstu níu mánuðum ársins. Í útkomuspánni fást upplýsingar um líklega niðurstöðu í fjármálum sveitarfélagsins (rekstri, sjóðstreymi og efnahag) á yfirstandandi ári. Með útkomuspánni fást þannig upplýsingar um hvernig líkleg útkoma sé í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2012. Hún gefur viðkomandi sveitarstjórn möguleika á að átta sig á hvar vandinn liggur, ef uppsett markmið hafa ekki náðst, og gefur þannig möguleika á að taka viðeigandi ákvarðanir við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir næsta rekstrarár.

Útkomuspá er meðal annars gerð til að fá samanburð þegar unnið er að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og þriggja ára áætlun. Með þessari uppsetningu fæst heildaryfirsýn yfir áætlaða þróun á fjármálum sveitarfélagsins yfir fimm ára tímabil (útkomuspá, fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun) þegar fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlanir hafa verið afgreiddar.

Í ýmsum tilvikum eru sveitarfélög þó hætt að gera sérstaka útkomuspá heldur vinna þau út frá því, að afgreiðsla fjárhagsáætlunar fyrir yfirstandandi rekstrarár hafi verið ákvörðun um fjárheimildir en ekki áætlun. Í slíkum tilvikum eru niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012 notaðar í þessari samantekt.

Sveitarfélög á Íslandi voru 75 talsins á árinu 2012. Íbúafjöldi þeirra er afar misjafn, landfræðilegar aðstæður þeirra eru mismunandi svo og ýmsir aðrir þættir. Sveitarfélögunum er því skipt í fjóra flokka til frekari glöggvunar, þegar niðurstöður fjárhagsáætlana eru skoðaðar. Þeir eru sem hér segir:

- Reykjavíkurborg
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar
- Vaxtarsvæði; Sveitarfélög frá og með Borgarbyggð, suður um Reykjanes, til og með Sveitarfélaginu Árborg, Akureyrarkaupstaður, Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð
- Önnur sveitarfélög

Hér á eftir eru birtar upplýsingar úr útkomuspá sveitarfélaga fyrir árið 2012 eins og þær eru birtar samhliða fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2013 (A-hluti).

A-hluti sveitarsjóðs er fjármagnaður að mestu leyti með skatttekjum og hann ber endanlega ábyrgð á rekstri B-hluta fyrirtækja og stofnana. Þvískiptir rekstrarstaða og efnahagur A-hlutans höfuðmáli fyrir fjármál hvers sveitarfélags.

Í töflu 1 kemur fram að í lok janúar 2013 voru útkomuspár og aðrar sambærilegar upplýsingar aðgengilegar frá 33 sveitarfélögum fyrir árið 2012. Í þeim búa 88,4% íbúa landsins. Í töflunni sést einnig að það eru einkum sveitarfélög í flokknum „Önnur sveitarfélög“ sem hafa ekki enn skilað niðurstöðum fjárhagsáætlana og þar með talið útkomuspá fyrir árið 2012 til sambandsins. Allnokkur þeirra hafa fengið formlegan frest hjá innanríkisráðuneytinu til að skila fjárhagsáætlun síðar en tímamörk kveða á um. Niðurstöður úr útkomuspá þeirra sveitarfélaga sem hafa skilað upplýsingum eru færðar hlutfallslega upp innan hvers flokks með hliðsjón af íbúafjölda. Niðurstöður í einstökum flokkum eru síðan lagðar saman. Endanleg niðurstaða felur þannig í sér líklega niðurstöðu fyrir sveitarfélagageirann í heild sinni. Þegar

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til byggðasamlaga, þjónustusvæða og annarra en sveitarfélaga sem annast framkvæmd málaflokksins, er ekki talin með tekjum sveitarfélaga í þessu uppgjöri. Tilheyrandi kostnaður er ekki heldur talinn með. Eftir er að ná utan um þennan hluta málaflokksins sérstaklega þar sem hann er ekki tilgreindur í ársreikningum sveitarfélaga.

Hér á eftir verður farið yfir niðurstöður úr útkomuspám fyrir árið 2012. Skil í einstökum flokkum koma fram í töflu 1.

Í töflu 1 koma fram upplýsingar um íbúafjölda í hverjum flokki, íbúafjölda þeirra sveitarfélaga sem hafa lagt fram útkomuspá með fjárhagsáætlunum svo og skil þeirra eftir einstökum flokkum. Hlutfallslega fæst sveitarfélög í flokknum „Önnur sveitarfélög“ hafa lagt þessar upplýsingar fram en þar hefur um þriðjungur sveitarfélaga lagt fram slíka útkomuspá. Hlutfallið er mun hærra þegar tekið er mið af íbúafjölda en það eru sveitarfélög með rétt rúman helming íbúanna í þessum

	Reykjavíkurborg	Hlutf. af heild	Höfuðborgar-svæðið án Rvk	Hlutf. af heild	Vaxtar-svæði	Hlutf. af heild	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af heild	Samtals
Íbúafjöldi	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226
Íbúafjöldi í sveitarfélögum sem hafa skilað	118.898		76.816		61.138		24.562		281.414
Fjöldi sveitarfélaga	1		7		16		51		75
Fjöldi sveitarf. sem hefur skilað	1		4		11		17		33
Útsvarsprósenta (vegið meðaltal)	14,48%		14,36%		14,47%		14,47%		14,44%
Hlutfall af íbúafjölda		100,0%		92,2%		87,4%		53,3%	88,4%

Tafla 1: Skil útkomuspáa.

niðurstöður liggja fyrir frá sveitarfélögum með hátt í 90% íbúanna þá má segja að þær gefi marktækar upplýsingar um hver niðurstaðan verður fyrir heildina.

Athuga ber að sá hluti af útsvarstekjum vegna málefna fatlaðs fólks, sem greidd eru beint frá

flokki sem hafa aðgengilegar upplýsingar í þessu efni. Það eru því sérstaklega fámennustu sveitarfélögin í þessum flokki sem ekki hafa skilað aðgengilegum upplýsingum um líklega útkomu ársins 2012. Sama gildir um flokkinn „Vaxtarsvæði“. Þar hafa tveir þriðju sveitarfélaga skilað þessum upplýsingum inn en í þeim búa um 87% íbúanna. Einnig

Niðurstöður útkomuspár fyrir árið 2012

koma fram í þessari töflu upplýsingar um vegið meðaltal útsvarsprósentu í hverjum flokki svo og landsmeðaltal útsvarsálagningar. Útsvarsálagningin er að jafnaði lægst á „Höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“.

Í töflu 2 eru birtar niðurstöður um tekjur og rekstrarkostnað sveitarfélaga fyrir árið 2012. Hlutfall íbúa í hverjum flokki er birt til samanburðar. Framlegð sveitarfélaganna er áætluð vera jákvæð um 19,8 ma.kr. sem er


M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutf. af tekjum	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af tekjum	Vaxtar-svæði	Hlutf. af tekjum	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af tekjum	Samtals 2012	Hlutf. af tekjum	Samtals 2013
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226	100,0%	319.515
Skatttekjur	56.211	79,4%	38.301	75,7%	29.184	64,0%	18.955	57,0%	142.651	71,2%	153.326
Framlög jöfnunarsjóðs	4.444	6,3%	3.177	6,3%	8.090	17,7%	7.536	22,6%	23.246	11,6%	25.599
Þjónustutekjur og aðrar t.	10.177	14,4%	9.126	18,0%	8.344	18,3%	6.789	20,4%	34.436	17,2%	36.266
Samtals reglulegar tekjur	70.832	100,0%	50.604	100,0%	45.618	100,0%	33.280	100,0%	200.334	100,0%	215.191
Laun og launatengð gjöld	38.319	54,1%	25.015	49,4%	23.626	51,8%	18.409	55,3%	105.369	52,6%	113.431
Annar rekstrarkostnaður	28.242	39,9%	18.559	36,7%	16.920	37,1%	11.485	34,5%	75.207	37,5%	80.709
Samtals rekstrargjöld	66.561	94,0%	43.574	86,1%	40.546	88,9%	29.895	89,8%	180.576	90,1%	194.140
Framlegð (reglulegar tekjur-rekstrargjöld)	4.271	6,0%	7.030	13,9%	5.072	11,1%	3.385	10,2%	19.758	9,9%	21.051
Hlutfall af heildarframlegð		21,6%		35,6%		25,7%		17,1%	100,0%	100,0%	100,0%

Tafla 2: Niðurstaða rekstrar.

1. Rekstraryfirlit

Í rekstraryfirliti eru birtar samandregnar upplýsingar um tekjur og rekstrarkostnað sveitarfélaganna í útkomuspá þeirra fyrir árið 2012. Þar koma einnig fram upplýsingar um afskriftir, fjármagnstekjur og gjöld ásamt óreglulegum liðum. Rekstrarniðurstaða (mismunur tekna og rekstrarkostnaðar) úr rekstraryfirliti útkomuspárinna er birt í töflu 2.

að jafnaði 9,9% af áætluðum heildartekjum. Framlegð sem hlutfall af heildartekjum er hæstur hjá „Höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en lægstur hjá „Reykjavíkurborg“. Í töflu 2. eru birtar til samanburðar niðurstöður úr fjárhagsáætlunum fyrir árið 2013. Þar sést að áætlað er að tekjur sveitarfélaga muni hækka um tæpa 15,0 ma.kr milli ára, rekstrargjöld þeirra hækka um 13,5 ma.kr og framlegð hækka um 1,3 ma.kr. milli ára.



Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg	% af tekjum	Höfuðborgarsvæðið án Rvk	% af tekjum	Vaxtar-svæði	% af tekjum	Önnur sveitarfélög	% af tekjum	Meðaltal 2012	% af tekjum	Meðaltal 2013
Skatttekjur	472.767	79,4%	459.917	75,7%	417.138	64,0%	411.286	57,0%	448.270	71,2%	479.871
Framlög jöfnunarsjóðs	37.377	6,3%	38.148	6,3%	115.631	17,7%	163.507	22,6%	73.050	11,6%	80.118
Djónustutekjur og aðrar tekjur	85.594	14,4%	109.587	18,0%	119.271	18,3%	147.301	20,4%	108.214	17,2%	113.503
Samtals reglulegar tekjur	595.738	100,0%	607.652	100,0%	652.041	100,0%	722.093	100,0%	629.534	100,0%	673.491
Laun og launatengd gjöld	322.285	54,1%	300.380	49,4%	337.695	51,8%	399.438	55,3%	331.114	52,6%	355.010
Annar rekstrarkostnaður	237.531	39,9%	222.857	36,7%	241.846	37,1%	249.206	34,5%	236.331	37,5%	252.598
Samtals rekstrargjöld	559.816	94,0%	523.237	86,1%	579.541	88,9%	648.644	89,8%	567.445	90,1%	607.607
Framlegð	35.922	6,0%	84.415	13,9%	72.499	11,1%	73.449	10,2%	62.089	9,9%	65.884

Tafla 3: Niðurstaða rekstrar – kr. á íbúa.

Í framhaldi af þessu er áhugavert að sjá niðurstöður úr töflu 2 reiknaðar út á íbúa. Þá fæst á ýmsan hátt raunhæfari samanburður á milli einstakra flokka. Niðurstaða þessa útreiknings kemur fram í töflu 3.

Í töflu 3 er birt yfirlit um tekjur og rekstrarkostnað á hvern íbúa eftir einstökum flokkum svo og meðaltal fyrir landið allt. Skatttekjur eru hæstar á hvern íbúa í Reykjavíkurborg en greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru langhæstar á hvern íbúa hjá „Öðrum sveitarfélögum“ og síðan á „Vaxtarsvæðum“. Heildartekjur á hvern íbúa eru hæstar í „Öðrum sveitarfélögum“ eða 722 þús.kr. en lægstar hjá „Reykjavíkurborg“ eða 596 þús. kr. Glögggt kemur fram að rekstrarkostnaður sveitarfélaga á hvern íbúa er hærri utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem sveitarfélög eru fámennari. Það á bæði við um launakostnað og annan rekstrarkostnað. Framlegð á hvern íbúa er áberandi lægst í Reykjavík. „Vaxtarsvæði“ og „Önnur sveitarfélög“ eru með álika

framlegð en hæst er hún hjá sveitarfélögum á „Höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“. Samanburður á meðaltalsniðurstöðum fyrir hvern íbúa fyrir árin 2012 og 2013 kemur einnig fram í töflunni.

Afskriftir hafa áhrif á rekstrarafkomu sveitarfélaganna, enda þótt þær komi ekki til útgjalda á árinu. Niðurstaða úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna eftir að tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða kemur fram í töflu 4.

Í töflu 4 kemur fram að útlit er fyrir að afkoma sveitarfélaganna, eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra liða og fjármagnsliða, sé heldur þökkaleg. Afkoma sveitarfélaganna er jákvæð sem nemur um 3,3 ma.kr. þegar tekið er tillit til reiknaðra liða og fjármagnsliða. Fjármagnsliðir vega þungt í þessari niðurstöðu en þeir eru neikvæðir um 7,3 ma.kr. í heildina tekið. Þeir samanstanda bæði af raunverulegum fjármagnstekjum og gjöldum en einnig af reiknuðum liðum, s.s. áhrifum gengisbreytinga

M.kr.	Reykjavíkurborg	% af tekjum	Höfuðborgarsvæðið án Rvk	% af tekjum	Vaxtar-svæði	% af tekjum	Önnur sveitarfélög	% af tekjum	Samtals 2012	% af tekjum	Samtals 2013
Framlegð	4.271	6,0%	7.030	13,9%	5.072	11,1%	3.385	10,2%	19.758	9,9%	21.051
Afskriftir	3.449	4,9%	2.448	4,8%	2.329	5,1%	1.141	3,4%	9.367	4,7%	9.884
Niðurstaða án fjármunat. og (gjalda)	822	1,2%	4.582	9,1%	2.743	6,0%	2.244	6,7%	10.392	5,2%	11.167
Fjármunatekjur og (gjöld)	-863	-1,2%	-2.461	-4,9%	-2.766	-6,1%	-1.238	-3,7%	-7.328	-3,7%	7.902
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	-41	-0,1%	2.121	4,2%	-22	0,0%	1.006	3,0%	3.063	1,5%	3.265
Óreglulegir liðir	0		0		237		0		237		0
Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði	-41	-0,1%	2.121	4,2%	215	0,5%	1.006	3,0%	3.300	1,6%	3.265

Tafla 4: Niðurstöður úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna.

og verðbóta. Þarna skipta því töluverðu máli áhrif af gengisþróun krónunnar og svo og niðurstöður úr útreikningum á verðbótapáttum. Heildarniðurstaða fyrir óreglulega liði er reiknuð sérstaklega út. Hún segir hver sé afkoma sveitarfélaganna af hefðbundnum tekjustofnum og hefðbundnum rekstri. Þar til viðbótar koma óreglulegir liðir sem geta verið mjög breytilegir frá einu ári til annars. Óreglulegir liðir geta verið tekjur vegna sölu eigna, sölu byggingarréttar og kostnaður vegna sérstakra aðstæðna, s.s. náttúruhamfara, eða annað sem ekki telst til hefðbundinnar starfsemi sveitarfélaga. Þessir liðir geta vegið þungt í heildarafkomu einstakra sveitarfélaga svo eðlilegt er að gera sérstaklega grein fyrir þeim.

2. Sjóðstreymi

Í sjóðstreymisyfirliti kemur m.a. fram hve mikið lausafé er til staðar þegar búið er að borga daglega reikninga. Einnig kemur þar fram hve miklar fjárfestingar eru fyrirhugaðar, hve mikil fjárför er vegna fjárfestinga og afborgana af lánunum og hvernig þessi fjárför er fjármögnuð. Þetta yfirlit er ekki síður mikilvægt til að átta sig

á greiðsluhæfi sveitarfélags en rekstraryfirlitið.

Í töflu 5 kemur fram yfirlit um helstu atriðin í sjóðstreymi sveitarfélaganna á árinu 2012 samkvæmt útkomuspám þeirra.

Veltufé fé frá rekstri er það fjármagn sem eftir stendur þegar útgjöld vegna daglegs rekstrar hafa verið greidd. Það nýtist til að greiða afborganir lána og annarra skuldbindinga og stendur þar að auki undir fjárfestingum eins langt og það nær. Þá er búið að bakfæra alla reiknaða liði úr uppgjöri rekstrarreiknings. Veltufé er góður mælikvarði á hve auðvelt er fyrir rekstraraðila að standa undir áhvílandi skuldbindingum. Ef veltufé frá rekstri dugar t.d. ekki til að standa undir afborgunum langtímalána er fullrar varúðar þörf því þá verður að taka lán til að greiða afborganir eldri lána og til að fjármagna framkvæmdir að fullu. Slíkt ástand getur einungis gengið í tiltölulega skamman tíma. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt ættu allar viðvörunarþjöllur að hringja. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum er lægst hjá sveitarfélögum á „Vaxtarsvæðum“ og þar næst hjá „Reykjavíkurborg“. Að jafnaði er það um 8%.

M.kr.	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsvæðið án Rvk	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2012	Samtals 2013
Veltufé frá rekstri	5.879	4.776	3.188	2.263	16.106	19.998
Veltufé frá rekstri (% af tekjum)	8,3%	9,4%	7,0%	6,8%	8,0%	9,3%
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm.	6.230	2.817	1.890	2.306	13.243	15.170
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	560	0	2.147	227	2.934	982
Eignarhlutir í félögum, breyting	87	60	-4.644	0	-4.497	274
Breyting langtímakrafna	-928	121	-1.718	246	-2.278	-2.084
Fjárfestingarhreyfingar	6.685	2.755	-3.182	1.833	8.091	16.546
Tekin ný langtímalán	3.115	726	1.808	2.064	7.713	13.122
Afborganir langtímalána	3.635	3.175	6.383	2.302	15.496	17.658
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyt.	1.389	218	509	-131	1.985	-235
Langtímask. v. eigin fyrirt. breyting	0	282	-29	122	375	63
Skammtímalán, breyting	0	314	-128	-23	164	18
Fjármögnunarhreyfingar	869	-1.635	-4.223	-270	-5.259	-4.690
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	63	386	2.148	159	2.756	-1.238

Tafla 5: Sjóðstreymisyfirlit

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru samtals um 13,2 ma.kr. á árinu 2012. Þar af er tæpur helmingur hjá „Reykjavíkurborg“. Þessi niðurstaða gefur til kynna að enn sé til staðar töluverður samdráttur í almennum fjárfestingum sveitarfélaga frá því sem áður var. Það er á hinn bóginn fjárfest fyrir lægri fjárhæð en sem nemur veltufé frá rekstri sem er 16,1 ma.kr. Það gefur til kynna að það þurfi ekki að fjármagna fjárfestingar með lánsfé yfir heildina tekið. Afborganir lána eru einnig lægri fjárhæð en veltufé frá rekstri eða 15,5 ma.kr. Þessi niðurstaða gefur til kynna að það hafi verið hægt að greiða niður skuldir að raungildi á árinu 2012 eftir að tekið hefur verið tillit til nýfjárfestinga. Sala rekstrarfjármuna er óverulegur hluti af fjármögnun fjárfestinga. Ný langtímalán eru samtals um 7,7 ma.kr. Nokkuð

fyrir hvernig eigi að fjármagna fyrirsjáanlegar fjárfestingar og/eða afborganir lána. Því má síðan ekki gleyma að vegna efnahagsástandsins er ekki tryggt að öll sveitarfélög nái að uppfylla lánsfjárbörf sína á árinu.

3. Efnahagsreikningur

Í efnahagsreikningi er tekið saman yfirlit um eignir sveitarfélaganna og hvernig þær eru fjármagnaðar. Eignum er skipt upp í fasta-fjármuni og veltufjármuni eftir því hve auðvelt er að losa það fjármagn sem bundið er í eignum. Skuldahlíð efnahagsreiknings er skipt upp í skuldbindingar (sem eru fyrst og fremst lífeyrisskuldbindingar) og langtímaskuldir og skammtímaskuldir. Mismunur eigna og skulda er síðan eigið fé (höfuðstóll).

M.kr.	Reykjavíkurborg	% af eignum	Höfuðborgarsvæðið án Rvk	% af eignum	Vaxtarsvæði	% af eignum	Önnur sveitarfélög	% af eignum	Samtals 2012	% af eignum	Samtals 2013
Fastafjármunir	119.069	85,9%	112.148	95,0%	97.521	86,6%	52.473	82,8%	381.211	88,1%	393.754
Veltufjármunir	19.489	14,1%	5.904	5,0%	15.103	13,4%	10.898	17,2%	51.394	11,9%	58.396
Eignir	138.558	100,0%	118.052	100,0%	112.624	100,0%	63.371	100,0%	432.606	100,0%	452.150
Eigið fé	79.803	57,6%	35.565	30,1%	33.484	29,7%	25.277	39,9%	174.129	40,3%	191.156
Lífeyrisskuldbindingar	11.926	8,6%	13.574	11,5%	9.191	8,2%	9.936	15,7%	44.627	10,3%	49.556
Langtímaskuldir	36.110	26,1%	52.227	44,2%	53.465	47,5%	19.847	31,3%	161.649	37,4%	166.670
Skammtímaskuldir	10.719	7,7%	16.687	14,1%	16.483	14,6%	8.312	13,1%	52.201	12,1%	44.768
Skuldir og skuldbindingar samtals	58.755	42,4%	82.488	69,9%	79.140	70,3%	38.095	60,1%	258.477	59,7%	260.994
Skuldir og eigið fé	138.558		118.052		112.624		63.371		432.606		452.150

Tafla 6: Efnahagsreikningur

virðist vanta upp á að fjármögnunarbörf sé uppfyllt í heildina tekið eða um 6,1 ma.kr. eftir að tekið hefur verið tillit til jákvæðra fjármögnunarhreyfinga hjá „Reykjavíkurborg“. Staða fjármögnunarhreyfinga er aftur á móti verulega neikvæð hjá „Höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ og á „Vaxtarsvæðum“.

Staða fjármögnunar gefur til kynna hvort sveitarfélög hafa náð að uppfylla fyrirsjáanlega fjárbörf í fjárhagsáætlun eða ekki. Þar sem fjármögnun er neikvæð er ljóst að ekki liggur

Í töflu 6 kemur fram yfirlit um eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélaganna. Heildarskuldir og skuldbindingar nema samtals um 258,5 ma.kr. Þar af eru lífeyrisskuldbindingar metnar um 44,6 ma.kr. Athuga ber að hluti af veltufjármunum sveitarfélaga (viðskiptakröfur) getur verið viðskiptakrafa á B-hlutastofnanir, s.s. hafnir og/eða félagslega íbúðarkerfið. Í mörgum tilvikum er hæpið að þær kröfur verði greiddar. Því getur veltufjárstaðan verið ofmetin í einhverjum tilvika. Yfirleitt eru þó veltufjármunir verulega hærri en

skammtímaskuldir sem segir að lausafjárstaða sveitarfélaganna sé í heildina tekið frekar góð. Fróðlegt er í þessu sambandi að skoða efnahagsreikninginn í krónum á íbúa. Á þann hátt fæst betri möguleiki á að bera stöðuna saman milli einstakra flokka. Niðurstaðan kemur fram í töflu 7.

Hér kemur glöggt fram að skuldir og skuldbindingar á íbúa í A-hluta sveitarsjóða eru lægstar hjá „Reykjavíkurborg“. Þær eru hæstar á íbúa á „Vaxtarsvæðum“ en lægri og nokkuð áþekkar annarsstaðar. Eiginfjárlutfall „Reykjavíkurborgar“ er 57,6% á meðan það er 30,1% á „Höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ og 29,7% á „Vaxtarsvæðum“. Samkvæmt þessum niðurstöðum er efnahagur sveitarfélaganna að jafnaði sterkur en þó ber að taka útreikningum á eiginfjárlutfalli með ákveðnum fyrirvara. Til dæmis á það að vera meginregla að nota varfærnisþjónarmið við verðmat eigna.

Á það ber þó að minna að hér eru birtar samandregnar niðurstöður fyrir einstaka flokka. Innan hvers flokks er iðulega töluverður breytileiki. Veltufjárlutfall í hverjum flokk kemur fram í neðstu línu töflunnar. Það sýnir hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda. Þetta hlutfall á helst að vera hærra en 1,0.

Það þýðir að veltufjármunir (lausafé) séu að minnsta kosti jafnháir skammtímaskuldum. Ef veltufjárlutfallið er lægra en einn þá er ákveðin hættu á að lausafé sé ekki alltaf tiltækt þegar þarf að greiða reikninga. Það hefur t.d. í för með sér aukinn vaxtakostnað og jafnvel að það dragist úr hömlu að greiða reikninga. Slíkt er ætíð mjög slæmt því yfirleitt er titið á opinbera aðila sem örugga og skilvísu viðskiptavini. Veltufjárlutfallið er hæst í „Reykjavíkurborg“ en lægst hjá sveitarfélögum á „Höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ og á „Vaxtarsvæðum“ en þar er það undir 1,0. Á landsvísi er það um 1,0 og má það ekki vera lægra. Breytileiki þessarar kennitölu er hins vegar verulegur milli einstakra sveitarfélaga.


Þróun síðustu ára

Það er áhugavert að draga saman yfirlit um hvernig nokkur atriði, sem varða fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna miklu, hafa þróast frá efnahagshruninu árið 2008. Á þann hátt er hægt að fá gróft yfirlit um hvernig þróunin hefur verið hjá sveitarfélagageiranum í heild sinni.

Fjárhæðir hafa verið færðar til verðlags ársins 2012 með vísitölu neysliverðs (meðalvísitala hvers árs) að undanskyldum upplýsingum fyrir árið 2013 en þær eru birtar á áætluðu


Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg	% af eignum	Höfuðborgarsvæðið án Rvk	% af eignum	Vaxtarsvæði	% af eignum	Önnur sveitarfélög	% af eignum	Meðaltal 2012	% af eignum	Samtals 2013
Fastafjármunir	1.001.438	85,9%	1.346.673	95,0%	1.393.912	86,6%	1.138.547	82,8%	1.197.927	88,1%	1.232.350
Veltufjármunir	163.914	14,1%	70.897	5,0%	215.872	13,4%	236.463	17,2%	161.502	11,9%	182.765
Eignir samtals	1.165.352	100,0%	1.417.569	100,0%	1.609.784	100,0%	1.375.010	100,0%	1.359.429	100,0%	1.415.115
Eigið fé	671.189	57,6%	427.059	30,1%	478.606	29,7%	548.449	39,9%	547.186	40,3%	598.271
Skuldbindingar	100.304	8,6%	163.000	11,5%	131.375	8,2%	215.577	15,7%	140.237	10,3%	155.098
Langtímaskuldir	303.706	26,1%	627.135	44,2%	764.206	47,5%	430.625	31,3%	507.968	37,4%	521.633
Skammtímaskuldir	90.153	7,7%	200.375	14,1%	235.598	14,6%	180.360	13,1%	164.038	12,1%	140.113
Skuldir og skuldbindingar samtals	494.163	42,4%	990.510	69,9%	1.131.179	70,3%	826.561	60,1%	812.243	59,7%	816.844
Skuldir og eigið fé	1.165.352		1.417.569		1.609.784		1.375.010		1.359.429		1.415.115
Eiginfjárlutfall	57,6%		30,1%		29,7%		39,9%		40,3%		42,3%
Veltufjárlutfall	1,8		0,4		0,9		1,3		1,0		1,3

Tafla 7: Efnahagsreikningur, kr. á íbúa.



Mynd 1: Veltufé frá rekstri (pús.kr.)

verðlagi þess árs samkvæmt niðurstöðum úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaga. Á þann hátt eru þær samanburðarhæfari en þegar þær eru birtar á verðlagi hvers árs. Hér á eftir er farið yfir þróunina í nokkrum atriðum sem skipta miklu máli hvað varðar almenna þróun mála í fjármálum sveitarfélaganna. Niðurstöður eru fengnar úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árin 2008-2011, úr útkomuspá og fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið 2012 og úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2013. Hér á eftir eru birtar niðurstöður



Mynd 2: Veltufé frá rekstri, % af heildartekjum


nokkurra þátta sem sýnir ákveðna þróun á liðnum árum.

Á mynd 1 kemur fram hve veltufé frá rekstri minnkaði gríðarlega árið 2009 frá árinu 2008. Frá þeim tíma hefur það aukist jafnt og þétt með einni undantekningu árið 2012. Ástæðu þess er meðal annars að finna í almennri hagræðingu og sparnaði hjá sveitarfélögum sem kemur fram í batnandi afkomu þeirra.

Áþekk niðurstaða kemur fram á mynd 2 þar sem veltufé frá rekstri er sett fram sem % af heildartekjum.

Á mynd 3 kemur vel fram sú gríðarlega breyting sem orðið hefur í fjárfestingum sveitarfélaganna frá árinu 2008. Fjárfestingin reis hæst á árinu 2008 en síðan hefur hún dregist mikið saman. Hún er lægst síðustu þrjú árin svo það er ekki að sjá neina verulega breytingu í þessum efnum. Það er áhyggjuefni á margan hátt ef fjárfesting sveitarfélaga verður áfram af þeirri stærðargráðu sem hún hefur verið á síðustu árum. Bæði er ætíð til staðar ákveðin fjárfestingarþörf hjá sveitarfélögum sem er ýtt inn í framtíðina miðað við óbreytta þróun og einnig hefur samdráttur í fjárfestingum sveitarfélaganna bein áhrif inn í atvinnulífið í landinu.

Á mynd 4 kemur fram hver þróunin hefur verið í nýjum lántökum sveitarfélaganna og afborgunum langtímalána á fyrrgreindu sex ára tímabili. Á þessari mynd kemur fram áhugaverð þróun. Heildarlántaka sveitarfélaganna hefur farið




Mynd 3. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum (pús.kr.)

lækkandi ár frá ári frá árinu 2008 en að sama skapi hafa sveitarfélögin lagt sívaxandi áherslu á niðurgreiðslu langtímalána. Það er ekki fyrr en á árinu 2013 sem líkur benda til að ný lán aukist nokkuð miðað við fyrra ár. Á síðustu þremur árum tímabilsins nema afborganir langtímalána hærrí fjárhæð en sem nemur nýjum lántökum. Þannig eru sveitarfélögin í heildina tekið að greiða niður skuldir sínar. Það er í góðum takti við annað í fjármálastjórnun sveitarfélaganna á síðustu árum.

Að lokum


Miklu máli skiptir að fá upplýsingar eins snemma og mögulegt er um hvert stefnir í fjárhagslegri afkomu og efnahag sveitarféлага. Ársreikningar liggja yfirleitt ekki fyrir fyrr en á vordögum. Samandregið yfirlit um niðurstöður þeirra er birt á haustin. Því skiptir miklu máli að fá niðurstöður úr útkomuspá um afkomu sveitarfélaganna á síðasta ári í upphafi hvers árs. Vitaskuld er hér um



Mynd 4. Tekin ný langtímalán og afborganir langtímalána (pús.kr.)

niðurstöður að ræða sem settar eru fram með ákveðnum fyrirvörum. Bæði er um að ræða óendurskoðaðar niðurstöður frá einstökum sveitarfélögum og síðan liggja ekki fyrir upplýsingar frá nema hluta sveitarfélaganna. Því verður að nota tiltæk gögn til að leggja eins snemma og hægt er mat á hver verður afkoma sveitarfélaganna í heild sinni og eins innan einstakra flokka. Þegar fyrir liggja niðurstöður

frá sveitarfélögum sem byggja á upplýsingum frá sveitarfélögum þar sem búsettir eru hátt í 90% íbúa landsins þá eru þær orðnar ágætlega marktækar fyrir heildina. Þótt niðurstöðurnar geti vitaskuld tekið einhverjum breytingum þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir, þá er hér um að ræða verulega mikilvægar upplýsingar um fjárhagslega afkomu sveitarfélaganna á næstliðnu ári.



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík
ábm.: Gunnlaugur Júlíusson
2013/09